Á hringekju listalífsins


ÓLAFUR GÍSLASON
KJARVALSSTÖÐUM
Í suttu máli: Ólafur leikur á kerfið en kerfið hefur betur.



MYNDLIST

GUNNAR J. ÁRNASON

Á ganginum milli sýningarsala á Kjarvalsstöðum hefur staðið nokkuð sérkennileg sýning. Á við og dreif um ganginn standa hvítir sýningarstöplar inni í tveggja metra háum plexíglershlífum, og á stöplunum standa vínglös, sem virðast hafa verið skilin eftir af handahófi. Enda var sú raunin. Svo vill til að þessi sýning er sýning á annarri sýningu sem var í Helsinki síðastliðið haust (sem ég minntist reyndar á á sínum tíma á síðum *PRESSUNNAR*). Réttara væri að segja að þetta væri sýning á *opnun* á sýningu **Ólafs Gíslasonar** í Norrænu listamiðsöðinni í Sveaborg, enda heitir þessi sýning „Vernissage" eða „Opnun". Á sínum tíma í Helsinki var sýningargestum boðið á sýningu þar sem eingöngu voru sýningarstöplar, en engin eiginleg listaverk. Sýningargestir létu það ekkert á sig fá og dreyptu á víni, óafvitandi að þeir væru þátttakendur í að fullbúa sýningu, sem ætti ekki aðeins að standa í Helsinki, heldur einnig í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Þegar líða tók á opnunina urðu sýningargestir þreyttir á að halda á glösum sínum. Einhver óprúttinn náungi lagði þá glasið sitt á einn stöpulinn, sem var eina sýnilega ummerkið um listaverk á staðnum. Þrátt fyrir að slík hegðun þætti, undir venjulegum kringumstæðum, óviðunandi umgengni á sýningaropnun fóru flestir sýningargesta að dæmi hans og brátt tók glösum að fjölga á stöplunum og loks var svo komið að flestöll glösin höfðu verið skilin eftir á þeim. Þar stóðu síðan glösin með vindreggjum sem eftir var sýningar í Helsinki, enda var það ætlun Ólafs frá upphafi, án vitundar opnunargesta. Staðsetning glasanna var nákvæmlega skráð og sýningin (opnunin?) sett upp í Kaupmannahöfn í vetur, þar sem glösin voru með áfasta miða eins og sýningargripir. En hér í Reykjavík er stöplunum með glösum komið fyrir í glerskáp eins og safngripum.



„Þetta er kostulegt uppátæki, en alveg í samræmi við viðfangsefni og fyrri sýningar Ólafs."

Þetta er kostulegt uppátæki, en alveg í samræmi við viðfangsefni og fyrri sýningar Ólafs. Það hefur verið gaman að fylgjast með því sem Ólafur hefur tekið upp á og þessi röð sýninga er viðamesta verkefni hans til þessa. Það er ekki við því að búast að myndlist Ólafs laði til sín þá sem vilja hafa listina einfalda: hreina og beina olíuliti á striga, takk fyrir! Ólafur er samt að fást við hluti sem eiga sér nokkuð langa sögu í nútímamyndlist, teygja sig aftur til Duchamps, voru töluvert á döfinni á sjöunda og áttunda áratugnum meðal listamanna eins og Hans Haacke og Daniels Burens (sem sýndi hér á síðustu listahátíð), en af yngri listamönum kemur Allan McCollum upp í hugann. Ólafur er ekki að fást við list *um* list sem einangrað fyrirbæri, heldur er þetta frekar sýning um sýningar sem félagslegt fyrirbæri. Það er hið listræna athæfi sem kemur fram í samskiptum innan listheimsins sem Ólafur er að afhjúpa hér.

Það sem liggur í loftinu á þessari sýningu er að list, sem afmörkuðu fyrirbæri í menningunni, er haldið saman af stofnunum og einhvers konar félagslegum sáttmála. Opnunin er eins og vígsluathöfn þar sem inngöngu listaverksins (og listamannsins) í samfélag listarinnar er fagnað. Vínglösin eru einmitt tákn um mannfagnað við hátíðleg tækifæri.

Þeirri spurningu má velta fyrir sér í samhengi við sýningu Ólafs, hvort opnanir og annað umstang listalífsins nægi til að gera framleiðslu eða athöfn að listaverki. Er það opnunin sem skýrir tilvist listarinnar eða listin sem skýrir tilvist opnunarinnar? Er nóg að „réttir" aðilar „skíri" einhvern hlut í nafni listarinnar til að sá hlutur teljist þar með listaverk? Þetta eru spurningar sem hafa orðið áleitnar í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í alþjóðlegu myndlistarlífi undanfarinna áratuga. Engin svör er að finna á sýningu Ólafs (enda ekki að búast við svörum á myndlistarsýningu), það er frekar að hún geri sambandið milli listalífsins og listarinnar ennþá dularfyllra. Með því að gera þennan tiltekna viðburð í listalífinu, opnunina, að safngrip er enn frekar verið að staðfesta þýðingu viðburðarins í menningarlífinu. Ef sýningin á að vera krítískt andsvar við valdi menningarapparatsins til að lyfta nánast hvaða hlut sem er á stall menningargæða, þá missir hún marks. Hún staðfestir miklu fremur vald opinberra menningarstofnana, eins og Kjarvalsstaða, þar sem sýningin er stödd, og gerir það enn óræðara. Það kostulega við þessa sýningu er að Ólafur notar „kerfið" til að upphefja sjálft sig, með því að gera opnun á opinberum sýningarstað að safngrip á öðrum sýningarstað.

Geðfellt byrjandaverk

GUÐRÚN H. EIRÍKSDÓTTIR
RÖNDÓTTIR SPÓAR
VAKA-HELGAFELL 1994
★★



BÓKMENNTIR

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

Röndóttir spóar er níunda bókin sem hlýtur hin íslensku barnabókaverðlaun Vöku-Helgafells. Það má hrósa forlaginu fyrir þessa verðlaunasamkeppni, sem skilað hefur mörgum ágætum skáldverkum til barna. Ein bók sem verðlaun hlaut í þessari samkeppni ber þó af öðrum og það er Benjamín dúfa eftir Friðrik Erlingsson, sérlega glæsileg bók og besta barnabók sem skrifuð hefur verið hér á landi í háa herrans tíð. Hana hefði vel mátt tilnefna til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.


Ég held að það sé örugglega rétt hjá mér að oftar en ekki hefur verðlaunabók þessarar samkeppni reynst vera fyrsta skáldverk höfundar. Svo er einnig að þessu sinni.

Í fyrstu bók Guðrúnar H. Eiríksdóttur, Röndóttum spóum, segir frá ævintýrum sex barna. Kynjaskiptingin er jöfn, þrír strákar, þrjár stelpur. Strákarnir eru að byggja byrgi og stelpurnar kofa. Eftir nokkrar erjur milli kynjanna tekst með þeim góð vinátta og þau stofna saman leynifélagið Röndótta spóa.

Í bókinni hljóma kunugleg stef. Þarna er nýi strákurinn sem fellur ekki inn í hóp skólafélaganna og býr við erfiðar heimilisaðstæður en vinátta og skilningur nokkurra barna færa honum kjark til að takast á við aðstæður sínar. Þarna má einnig finna hinn nauðsynlega ferðafélaga allra barna í ævintýraleit, hundinn, sem nú gegnir nafninu Skuggi.

Krakkarnir sem eru hér í aðalhlutverkum eru ekki sérlega litríkir persónuleikar, þá skortir tilfinnanlega sterk persónueinkenni og renna of mikið saman í eitt. Kannski er það þess vegna sem hundurinn reynist eftirminnilegasta persóna bókarinnar. Í sögunni er hann jú sá eini af sínu kyni.

Bókin fer hægt af stað og það er eins og höfundur hafi í byrjun átt í nokkrum erfiðleikum með að finna réttan takt. Hann sækir þó í sig veðrið þegar líða fer á sögu og seinni hluti bókarinnar tekur þeim fyrri fram. Höfundi tekst reyndar ekki að gæða bókina nægilegri spennu þótt þeir atburðir sem lýst er bjóði upp á allnokkur tilþrif í þá átt. Atburðarásin er ofur fyrirsjá-



„Þetta er geðfellt byrjandaverk með fallegum boðskap, en sem verðug verðlaunabók stendur það ekki nægilega vel undir nafni."

Púkar og englar í regnbogaferð

ENGLASPIL
HELGA ARNALDS
10 FINGUR
★★★



LEIKLIST

FRIÐRIKA BENÓNÝS

Brúðuleikhúsið 10 fingur er að uppistöðunni til aðeins ein manneskja. Það er Helga Arnalds, sem býr til brúðurnar, semur verkin, gerir leikmyndina og leikur öll hlutverkin með hjálp brúðanna. Í Englaspili nýtur hún aðstoðar leikstjórans Ásu Hlínar Svavarsdóttur og hefur samvinna þeirra tekist með miklum ágætum. Helga lærði til brúðuleikhúss á Spáni, ef mig misminnir ekki, og flytur heim með sér ferska strauma sem eru velþegin viðbót við blómlega starfsemi íslensks brúðuleikhúss. Leikhúsið hennar 10 fingur er hálfgert vasaleikhús, hannað til þess að auðvelt sé að setja upp sýningar hvar sem er með lítilli fyrirhöfn. Og yngstu áhorfendurnir kunna vel að meta þennan einfaldleika sem gefur ímyndunaraflinu byr undir vængi og gerir þau að virkum þátttakendum í sköpun sýningarinnar.

Leikritið Englaspil segir frá lítilli einmana stúlku, Veru, sem sviðsetur sínar eigin hugarflugur í þvottahúsinu heima hjá sér og kemst að því að það er engin ástæða til að vera einmana. Allt sem þarf til að ráða bót á einmanaleikanum er dálítið ímyndunarafl. Og með aðstoð þess breytist gólftuskan í grimmlynda norn, blúndukjóll í flughræddan engil og sokkabuxur í púka sem langar þessi ósköp til að verða góður. Engillinn hlýtur nafnið Gabríel og púkinn Lúsífer og saman leggja þeir í áhættusama ferð eftir hálum brautum regnbogans, til að finna Guð og biðja hann hjálpar í vandræðum sínum. Gólftuskan Gremja grámygla gerir allt sem í hennar valdi stendur til að eyðileggja þá för, en með hjálp regnbogaverunnar og barnanna í salnum tekst þeim félögum að ná fundi Guðs og fá þar staðfestingu á því að spurningin snýst ekki um langanir heldur framkvæmd og að Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir.

Verkið er þannig í hefðbundnum dæmisögustíl og ekki nýstárlegt eða framúrstefnulegt á neinn hátt, en það er vel skrifað og á góðu máli og mörgum þrepum fyrir ofan þá heimsku og brussugang sem svo vinsælt er að bjóða börnum uppá. Brúðurnar eru einfaldar en hugvitssamlega og vel unnar og flutningur Helgu er í alla staði til fyrirmyndar. Henni tekst að skapa sjálfstæða og eftirminnilega persónu úr hverju hlutverki og gæða þau því lífi að börnunum finnst að sýningu lokinni að brúðurnar hafi í raun verið lifandi einstaklingar. Leikmyndin er að sama skapi einföld, aðeins mismunandi litar efnisræmur á snúru, en verður í útfærslu Helgu að ævintýralandi regnbogans þar sem allt er mögulegt og allir draumar geta ræst. Og það geta þeir líka með hjálp ákveðninnar, viljans og kjarksins eins og frumkvæði Helgu Arnalds ber gleggstan vott um.

„Samvinna Helgu Arnalds og Ásu Hlínar Svavarsdóttur hefur tekist með miklum ágætum."